

Sp.

428. Tillaga til þingsályktunar

[191. mál]

um byggingarannsóknir.

Flm.: Gunnar Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar koma til framkvæmda ákvæði 77.—79. gr. laga um landnám, ræktun og byggingar í sveitum varðandi rannsóknir um ódýrari og hagkvæmari gerð útihúsa í sveitum, þar sem hægt yrði að koma við meiri vinnutækni við bústörf.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur byggingarkostnaður farið ört hækkandi. Þar hafa mestu valdið tvær nýlega gerðar breytingar á skráðu gengi íslenskrar krónu.

Segja má, að afleiðing þessara verðhækkana sé stórfelldur samdráttur byggingarframkvæmda í sveitum landsins.

Bændur eiga lítið fé til að leggja í nauðsynlegar framkvæmdir á þessu sviði, lánsfé er líka mjög takmarkað til þessara hluta, og afurðaverð á framleiðsluvörum bænda er ekki svo hátt, að það geti staðið undir kostnaði við þessar dýru framkvæmdir, þó að meira lánsfé fengist en verið hefur.

Komið hafa fram hugmyndir um nýjar gerðir húsa, sem í senn yrðu ódýrari í stofnkostnaði og gæfu möguleika til hagnýtingar aukinnar vinnutækni við bústörf og yrðu þar með til afkastaaukningar bændum og þjóðarbúinu öllu til hags.

Teiknistofa landbúnaðarins hefur gert teikningar í samræmi við þessar nýju hugmyndir, en eftir er að fá bændur til að byggja eftir þeim og reyna nýjungarnar.

Þá hefur fyrirtæki, sem heitir Byggingariðjan, ráðagerðir uppi um að gera hús með nýju sniði, sem það telur að stefni að því marki, sem hér er rætt um.

Þessar nýjungar þarf að reyna. Landbúnaðinum er lífsnauðsyn að geta dregið úr stofnfjárbörf sinni. Á sama hátt er honum eins og öðrum atvinnugreinum nauðsynlegt að tileinka sér á þessu sviði sem öðrum alla nýja tækni, sem orðið getur til afkastaaukningar og framfara, og fylgjast með í þeirri þróun, sem er hjá öðrum þjóðum í þessu efni.

Í lögunum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum eru ákvæði um nefnd sérfróðra manna, sem á að hafa það verkefni með höndum, að rannsaka og reyna nýjungar á þessu sviði.

Nefnd þessi hefur ekki fengið neitt fé til að vinna fyrir, en með þessari tillögu er lagt til, að ríkisstjórnin geri lögin að þessu leyti virk. Þess er vissulega brýn þörf.

Byggingarframkvæmdir í sveitum mega ekki varanlega dragast saman, því að þá er strax komin afturför. Þess vegna verður að gera allt, sem unnt er, til að finna úrræði, sem létt geti undir með bændum í þessu efni.